

Til atvinnuveganefndar Alþingis


Lilja Rafney Magnúsdóttir formaður

Reykjavík 5. júní 2018

Efni: Umsögn LS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 74/2012, með síðari breytingum (endurreikningur veiðigjalds 2018). Þingskjal 1049 - 631. mál.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um veiðigjald sem fela í sér endurreikning veiðigjalds 2018.

Landssamband smábátæigenda lýsir ánægju sinni með frumvarpið sem sýnt er að kemur til móts við rekstrarvanda smábátaútgerðarinnar. Það verður þó ekki hjá því komist að gagnrýna harðlega að frumvarp í þessa veru hafi ekki fyrir löngu komið til kasta Alþingis. Ekki síst vegna þess að rúmt ár er liðið frá því LS hóf að vekja athygli á aðsteðjandi vanda. Samtímis og veiðigjöld í þorski og ýsu mundu hækka yfir 100% ætti sér stað mikil verðlækkun á fiskmörkuðum. Hvorutveggja – gengi það eftir – mundi skapa gríðarlegan vanda hjá útgerðum smábáta.




Málefnið var rætt við þáverandi sjávarútvegsráðherra og hann hvattur til að framlengja afslátt af veiðigjaldi sem veittur var vegna vaxtakostnaðar af lánum sem tekin voru við kaup á veiðiheimildum. Þá var athygli þv. formanns atvinnuveganefndar vakin á málefnum sem lauk með því að hann ræddi það úr ræðustól þingsins. Hann tók undir [sjónarmið LS](#) og upplýsti að hann hefði rætt við sjávarútvegsráðherra um vanda smærri útgerða og væri að vænta tilkynningar um að sérstök úttekt yrði gerð á stöðu þessara fyrirtækja. Úttektin var framkvæmd og staðfesti m.a. vanda smærri útgerða.

Nú ári síðar er frumvarp sem ætlað er að leiðrétta veiðigjald smærri útgerða komið á dagskrá Alþingis. Það að málið skuli vera svo seint til komið hefur haft afar neikvæð áhrif á útgerð smábáta. Allt frá upphafi þessa fiskveiðiárs hefur félagið reynt að tala kjark í menn sem vita ekki sitt rjúkandi ráð varðandi framhaldið. Farið hefur verið í gegnum atburðarásina sem endað hefur á þann hátt að útilokað sé annað en að veiðigjöld verði lækkuð. Því miður hafa slík samtöl ekki skilað

nægjalegum árangri sem sýnir sig í að LS hefur horft á eftir aflahlutdeild frá gríðarlega hæfum útgerðaraðilum þar sem skuldastabbinn óx þeim yfir höfuð. Án undantekninga hafa þær veiðiheimildir farið til aðila sem hafa vinnslu á bakvið sig.

Eins og áður hefur komið fram í málflutningi LS er staða einstakra útgerðarflokka æði misjöfn. Tölur Hagstofu sýndu að á árinu 2015 var staða smábáta minni en 10 brl. verst allra útgerðarflokka. Engin breyting er þar á fyrir árið 2016 eins og meðfylgjandi mynd ber með sér.



Það er skoðun LS að veiðigjöld sem reiknuð eru út frá aðferðum sem veiðigjaldsnefnd hefur tamið sér auki á mismunum milli einstakra stærðar- og útgerðarflokka. Því til staðfestingar er að algengt verð á loðnu á síðustu vertíð var 35 kr/kg, veiðigjald fyrir hana var 1,71 kr/kg sem jafngildir 4,8% af aflaverðmæti. Á sama tímabili landaði smábátur blönduðum afla þar sem 73% hans var þorskur og ýsa. Afinn var allur seldur á fiskmarkaði og nam veiðigjald fyrir hann 11,2% af aflaverðmæti. Rétt er að taka fram við þennan samanburð að við ójöfnuðinn bætist að loðnuafinn fór allur í vinnslu hjá útgerð skipsins og sambærileg loðna var á sama tíma seld í Færeyjum á 77,60 kr/kg. Þá skal þess getið að fyrirtækið er einnig í bolfiskvinnslu og gerir út togara.

Til að sporna við þessu, sem er að hluta til bein afleiðing þess að sama gjald skuli vera á alla án tillits til aðstæðna einstakra útgerðarflokka, er nauðsynlegt að gera breytingar á frumvarpinu í þá veru að beita persónuafslætti til jöfnunar í meira mæli. Að afsláttarprósenta hækki eftir því sem lægra veiðigjald var greitt þar sem viðmiðunin væri reiknað veiðigjald á næstliðnu fiskveiðiári. Það er LS fagnaðarefni að í frumvarpinu er slík nálgun boðuð. 20 og 30% afsláttur nái til útgerða sem greiddu minna en 30 milljónir á síðasta fiskveiðiári, en afsláttur lækkaður í 15 til 20% hjá aðilum þar fyrir ofan upp að ákveðinni fjárhæð. Aðferðin er í raun nálgun að þrepaskiptu gjaldi eins og LS hefur sett fram og hlotið góðan hljómgrunn fyrir.

Á grundvelli þessa leggur LS til að í stað þess að ný gjaldskrá, sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins, gildi afturvirkrt frá 1. janúar komi viðbótarafsláttur á veiðigjald þessa fiskveiðiárs. Réttur til viðbótarafsláttar er hjá aðilum þar sem reiknað veiðigjald var lægra en 11 milljónir á sl. fiskveiðiári. Reiknuð veiðigjöld þessara aðila eru rúm 13% af veiðigjöldunum. Prósenta viðbótarafsláttar skiptist þannig:

- | | |
|--|----------------|
| A. 39 aðilar greiddu veiðigjald á bilinu 5,5 milljónir að 11 milljónum: | Afsláttur 30% |
| B. 180 aðilar greiddu veiðigjald á bilinu frá 500 þús. að 5,5 milljónum: | Afsláttur 40% |
| C. 336 aðilar greiddu veiðigjald á bilinu frá 200 þús. að 500 þús.: | Afsláttur 50% |
| D. 224 aðilar greiddu veiðigjald á bilinu frá 100 þús. að 200 þús.: | Afsláttur 60% |
| E. 145 aðilar greiddu minna en 100 þús.: | Afsláttur 70%. |

Á fiskveiðiárinu 2016/2017 greiddu alls 992 aðilar veiðigjald. Reiknað gjald hjá 68 þeirra var hærra en 11 milljónir. Með breytingunni er gert ráð fyrir að fastur afsláttur falli niður þegar ný gjaldskrá tekur gildi og í hans stað komi prósentu viðbótarafsláttar hjá 915 greiðendum.

Markmið LS með framsetningu þessara tillagna er að leiðrétta það ranglæti sem fellst í núverandi fyrirkomulagi á álagningu veiðigjalda, það er að segja að afkoma stærri útgerðaraðila þar sem afkoma ræðst að stóru leyti af ólíkum þáttum en afkoma smábáta, sé lögð jafnt á alla.

Í þeirri vinnu sem framundan er hjá atvinnuveganefnd við skoðun frumvarpsins leggur LS áherslu á að nefndin hafi til hliðsjónar eftirfarandi atriði sem er það sameiginlegt að þau styðja við tillögur LS til breytinga:

1. 12% af veiðigjaldinu í ár er tilkomið vegna hagnaðar af vinnslu afla á vinnsluskipum (10%) og landvinnslu (2%). Útgerðir sem ekki njóta þessa hagnaðar ber því að veita 12% afslátt af veiðigjaldi umfram útgerða með vinnslu.
2. Afsláttur af veiðigjaldi upp á 895 milljónir vegna vaxtagreiðslna af lánum fór til 100 stærstu gjaldenda veiðigjalds. Upphæðin var einn þáttur í góðri afkomu þeirra sem hækkaði veiðigjald hjá þeim sem engan afslátt fengu.
3. Hluti hagnaðar í sjávarútvegi er kominn til vegna þátta sem eiga ekki við um hefðbundna útgerð smábáta.
 - Bakfærð virðisryrnun aflaheimilda
 - Gengishagnaður
 - Söluhagnaður eigna
 - Vaxtakjör í evrum upp á 0 - 0,5%
 - Þátttaka sjómanna í nýsmíði
 - Kjarasamningar þar sem sjómenn borga olíuna sem lækkar fiskverð þeirra um 20 – 25% miðað við það sem fæst á fiskmörkuðum.
4. Samkvæmt tölum Hagstofunnar sem upphæð veiðigjalds tekur mið af var hreinn hagnaður báta minni en 10 brl. sem hlutfall af tekjum 0,9% á árinu 2015 og ættu þeir því einvörðungu að greiða lágmarksgjald. Veiðigjald hjá þeim hækkaði hins vegar jafnmikið og hjá útgerðum þar sem hagnaðartölur eru allt að 26,3%.
5. 89% af krókaafلامarki er þorskur og ýsa. Hækkun veiðigjalds í þeim tegundum var rúmlega eitt hundrað prósent, 107% í þorski og 127% í ýsu.
6. Samþjöppun
Hlutdeild úthlutaðs krókaafلامarks í þorski til einstakra útgerða og fyrirtækja

Aflamark	fiskveiðiaárið 2015/2016 voru 50 stærstu með 80,9% hlutdeildarinnar
	fiskveiðiaárið 2017/2018 voru 50 stærstu með 83,9% hlutdeildarinnar
Krókaafلامark	fiskveiðiaárið 2015/2016 voru 50 stærstu með 77,7% hlutdeildarinnar
	fiskveiðiaárið 2017/2018 voru 50 stærstu með 84,8% hlutdeildarinnar
7. Lækka verður veiðigjald á litlar og meðalstórar útgerðir á yfirstandandi fiskveiðiaári um 600 – 800 milljónir.

Virðingarfyllt



Axel Helgason formaður



Örn Pálsson framkvæmdastjóri

